

VISA BIKARINN

# INNKASTIÐ

KEFLAVÍK

**Fimmtudaginn 24. júní kl: 19:15**
**Njarðtaksvellinum í Njarðvík**

SPARISJÓÐURINN

netto

# Biðin er á enda!

## Nýr völlur tekinn í notkun 4. júlí 2010.

Nú styttist óðum í fyrsta leik okkar á nýjum og glæsilegur velli. Það eru margir búnir að bíða með óþreyju eftir þeim degi en nú verður biðin ekki öllu lengri. Það á vel við að birta gamlar greinar vegna þessara tímamóta en önnur greinin er frá 1984 þegar knattspyrnuráð Keflavíkur efndi til "Meistarafagnaðar" en þá voru 20 ár frá því að fyrsti Íslandsmeistaratitill Keflvíkinga kom í hús. Þar var öllum leikmönnum sem léku í meistaraliðum Keflvíkinga árin 1964, 1969, 1971, 1973 og bikarmeistarliði 1975 boðið til veislu. Þessa dagana stendur einmitt yfir undirbúningur fyrir svipaða samkomu sem verður fyrir vígsluleikinn á nýja vellinum.

Hin greinin er úr Alþýðublaðinu frá 2. júlí 1967 en það er dagurinn sem Keflavíkurvöllur var vígður. Þetta var mikil bylting fyrir knattspyrnumenn í Keflavík á þessum tíma en það má segja að breytingin og endurbæturnar sem gerðar hafa verið á vellinum í dag séu einnig byltingarkenndar. Við vonum að sem flestir komi á nýja völlinn þann 4. júlí þegar FH kemur í heimsókn. Við birtum fleiri gamlar greinar í Innkastinu fyrir þann leik.

### Meistarafagnaður hjá liði ÍBK

Knattspyrnuráð Keflavíkur efnir til „meistarafagnaðar" í dag. Kallar saman alla þá leikmenn, sem hafa orðið Íslandsmeistarar undir merki ÍBK. Það eru nú liðin 20 ár síðan Keflvíkingar tryggðu sér fyrst Íslandsmeistaratitilinn í knattspyrnu — 1964, en alls hefur meistaratitilinn hafnað fjórum sinnum í Keflavík — 1964, 1969, 1971 og 1973. Þá urðu Keflvíkingar bikarmeistarar 1975.

„Meistarafagnaðurinn" er haldinn í tilefni þess að nú eru 20 ár síðan Högni Gunnlaugsson, fyrrum fyrirliði Keflavíkurliðsins, hampaði Íslandsbikarnum á Laugardalsvellinum. Allir þeir leikmenn, sem hafa leikið í meistaraliðum ÍBK, mæta til leiks í hófið, sem verður haldið í Stapanum laugardagskvöldið 24. mars. Sérstakir heiðursgestir verða þjálfararnir sem stjórnuðu Keflvíkingum til sigurs: Óli B. Jónsson (1964), Holmbert Friðjónsson (1969), Einar Helgason (1971) og þeir Jón Jóhannsson og Guðni Kjartansson (1975). Englendingurinn Joe Hooley (1973) kemst ekki til landsins.

Í tilefni fagnaðarins hefur Knattspyrnuráð Keflavíkur gefið út vandað „Meistarablað". Í blaðinu er sagt frá meistaraliðunum og ýmsum sögulegum atburðum — í máli og myndum. Blaðið er 80 blaðsíður og er það aðeins gefið út í 2.000 eintökum. Leikmenn Keflavíkurliðsins, sem nú eru á förum til Englands, þar sem þeir verða í æfingabúðum hjá Tottenham, munu ganga í hús í Keflavík og selja blaðið.

### Nýr knattspyrnuvöllur vígður í Keflavík í dag

Í DAG verður nýr fullkominn grasvöllur vígður í Keflavík. Hefst athöfnin kl. 3.30 með því að Lúðrasveit Keflavíkur leikur, en síðan flytur bæjarstjóri, Sveinn Jónsson, ávarp. Að því loknu verður völlurinn vígður með bæjakeppni í knattspyrnu milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Framkvæmdir við völlinn hafa staðið undanfarin 4 ár, og er vel til hans vandað í hvívetna. Var hann undirbúinn eins og um sáðvöll væri að ræða, en síðan lagð ur túnþökum, svo að hann yrði fyrr tilbúinn til notkunar.

Völlurinn stendur á milli Sunnubrautar og Hringbrautar, en þar hafa Keflvíkingar afgirt allmikið svæði ætlað til íþróttaiðkana. Er nú þegar kominn þar ágætur malarvöllur, búningsklefar og fundaherbergi fyrir íþróttafélögin, auk grasvallarins nýja. Gert er ráð fyrir að þarna komi einnig frjálsíþróttasvæði og handknattleiksvöllur. Áhorfendasvæðið við völlinn rúmar nú 2—3000 manns, en þegar því er fullokið á það að geta tekið 5000 manns.

Undanfarin ár hafa Keflvíkingar látið allmikið til sín taka í knattspyrnu. Hefur það verið þeim til nokkurra óþæginda, að heimaleiki sína í fyrstu deild, hafa þeir orðið að leika á Njarðvíkurvelli, því að fyrstu deildar leikir eiga að leikast á grasvelli. Er því ekki að efa að nýi grasvöllurinn er knattspyrnuunnendum þar eystra mjög kærkominn.

Vígsluleikurinn verður áreiðanlega mjög spennandi. Síðast þegar þessi sömu lið kepptu varð jafntefli, eitt mark gegn einu.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is
NORÐURÁL Century ALUMINUM
Coca-Cola
PUMA
HS VEITUR







1 Ómar Jóhannsson
2 Alen Sutej
3 Guðjón Árni Antoníusson
4 Haraldur Freyr Guðmundsson
5 Ian Paul McShane
6 Einar Orri Einarsson
7 Jóhann Birnir Guðmundsson
8 Andri Steinn Birgisson
9 Guðmundur Steinarsson
10 Haukur Ingi Guðnason
11 Magnús Sverrir Þorsteinsson
12 Árni Freyr Ásgeirsson
15 Bojan Stefán Ljubicic
16 Brynjar Örn Guðmundsson
17 Arnór Ingvi Traustason
18 Magnús Þórir Matthíasson
20 Bjarni Hólm Aðalsteinsson
22 Magnús Þór Magnússon
23 Sigurbergur Elísson
24 Sigurður Gunnar Sævarsson
25 Hólmar Örn Rúnarsson
26 Ómar Karl Sigurðsson
27 Hörður Sveinsson
31 Bergsteinn Magnússon

Þjálfari: Willum Þór Þórsson
Aðstoðarþjálfari: Þór Hinriksson
Sjúkraþjálfari: Falur Daðason
Liðsstjórn: Raijko Stanicic, Ásdís Þorgilsdóttir, Jón Örvar Arason, Þórólfur Þorsteinsson, Björgvin Björgvinsson.

1 Gunnleifur Vignir Gunnleifsson
2 Gunnar Már Guðmundsson
4 Tommy Fredsgaard Nielsen
5 Freyr Bjarnason
6 Ásgeir Gunnar Ásgeirsson
7 Pétur Viðarsson
8 Torger Motland
9 Björn Daníel Sverrisson
10 Matthías Vilhjálmsson
11 Atli Guðnason
12 Gunnar Sigurðsson
13 Bjarki Bergmann Gunnlaugsson
14 Guðmundur Sævarsson
16 Jón Ragnar Jónsson
17 Atli Viðar Björnsson
19 Hákon Atli Hallfreðsson
20 Sverrir Garðarsson
21 Hafþór Þrastarson
22 Ólafur Páll Snorrason
23 Örn Rúnar Magnússon
24 Helgi Valur Pálsson
25 Einar Karl Ingvarsson
27 Hjörtur Logi Valgarðsson
28 Jacob Neestrup

Þjálfari: Heimir Guðjónsson
Aðstoðarþjálfari: Jörundur Áki Sveinsson

**Dómari:** Kristinn Jakobsson
**Aðstoðardómari 1:** Jóhann G. Guðmundsson
**Aðstoðardómari 2:** Tomasz Jacek
**Eftirlitsmaður KSÍ:** Sigurður Hannesson

**Næsti leikur hjá Keflavík**
**Sunnudaginn 27. júní kl: 16:00**
**Valur - Keflavík**

**Næsti leikur hjá mfl.kv Keflavík**
**Föstudaginn 9. júlí kl: 20:00**
**Keflavík-Tindastóll/Neisti**

SKYNDI Barinn
LÖGFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA
UNGÓ ÍS - PIZZA - DVD - GRILL
LYFJA
HS ORKA HF
olís léttir þér lífið
Nesprýði
Kaffi Duus

# Bikarmolar

Fyrsta bikarkeppnin fór fram árið 1960. Keflavík spilaði í fyrsta sinn til úrslita árið 1973 en tapaði gegn Fram 2-1. Myndin hér fyrir neðan var tekin fyrir þann leik. Keflavík hefur samtals hampað bikarnum fjórum sinnum. Fyrsti bikarmeistaratitill Keflvíkinga kom árið 1975 þegar við sigruðum ÍA 1-0. Næsti sigur kom árið 1997 í ótrúlegum sigri á ÍBV þar sem aukaleik þurfti en hann fór svo í vítaspyrnukeppni. Svo var það árið 2004 þegar sigur vannst á KA 3-0. Síðast urðum við bikarmeistarar árið 2006 þegar við sigruðum KR 2-0. Samtals höfum við spilað 9 úrsllitaleiki.

| Meistari | Félag |
|---|---|
| 11 sinnum | KR |
| 9 sinnum | ÍA, Valur |
| 7 sinnum | Fram |
| 4 sinnum | ÍBV, Keflavík |
| 2 sinnum | Fylkir |
| 1 sinni | Breiðablik, ÍBA, FH, Víkingur R. |



Fyrir ofan: Fagnað eftir sigur í bikarnum 2004
Fyrir neðan: Leikmenn ÍBK sem spiluðu fyrsta úrslitaleik okkar í bikarkeppninni.





**Allar leikskrár eru birtar á heimasíðu Keflavíkur**
**www.keflavik.is/knattspyrna**

Umfjöllun um alla leiki Keflavíkur á VF.is